

# Lög

**um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara  
og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla,  
nr. 87/2008, með síðari breytingum.**

---

1. gr.

3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Þeim sem innrituðust í 180 eininga bakkalárnám til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir 1. júlí 2008 og áttu við lok vormissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs veitist frestur til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leik-, grunn- og/eða framhaldsskóla til 1. júlí 2012. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 17. september 2011.*

